

# REGLUGERÐ

## um heimakennslu á grunnskólastigi.

### I. kafli - Almenn

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til skilyrða fyrir heimild foreldra til heimakennslu á grunnskólastigi, um skipulag hennar, framkvæmd og eftirlit.

Með heimakennslu er átt við undanþágu frá skólaskyldu barns, skv. 3. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, þar sem foreldrum barns er veitt tímabundin heimild til þess að annast sjálf kennslu þess að hluta eða öllu leyti.

#### 2. gr.

##### *Ábyrgð foreldra.*

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna, innritun þeirra í skóla þegar þau komast á skólaskyldu og að þau sækja skóla. Sveitarstjórn getur veitt foreldrum barns undanþágu til þess að annast sjálf kennslu þess að hluta eða öllu leyti samkvæmt nánari fyrirmælum reglugerðar þessarar.

### II. kafli - Umsókn, skilyrði og ákvörðun

#### 3. gr.

##### *Umsókn.*

Foreldrar sem óska eftir heimild til heimakennslu skulu sækja um til sveitarstjórnar í því sveitarfélagi sem þeir eiga lögheimili eigi síðar en 1. febrúar ár hvert vegna komandi skólaárs. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

- nauðsynleg gögn um menntun og starfsferil þess sem annast skal kennsluna,
- upplýsingar um aðstæður, húsakost og annan aðbúnað vegna kennslunnar,
- rökstuðningur fyrir beiðni um heimakennslu,
- starfs- og kennsluáætlun heimakennslu skv. 12. gr.

Fari foreldrar með sameiginlega forsjá skal liggja fyrir samþykki beggja aðila fyrir heimakennslu barnsins.

#### 4. gr.

##### *Úttekt á aðstæðum.*

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um veitingu heimildar til heimakennslu skal til þess bær aðili á vegum sveitarfélagsins taka út aðstæður á heimilinu með tilliti til fyrirhugaðrar kennslu og taka saman greinargerð um athugun sína.

Foreldrar skulu eiga þess kost að tjá sig um efni greinargerðar skv. 1. mgr., enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

#### 5. gr.

##### *Staða nemanda.*

Áður en heimakennsla hefst ber skólastjóra þjónustuskóla að sjá til þess að farið sé yfir fyrirbyggjandi vitnisburð um nám og stöðu nemanda. Ef nemandinn hefur ekki áður verið í grunnskóla hér á landi eða er að byrja í grunnskóla skal sveitarstjórn í samráði við skólastjóra þjónustuskóla láta fara fram mat á námslegri og félagslegri stöðu nemanda áður en heimakennsla er heimiluð.

6. gr.

*Skilyrði til að sinna heimakennslu.*

Sá sem annast kennslu samkvæmt reglugerð þessari skal hafa leyfi ráðherra til að nota starfsheitið kennari, sbr. 9. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019.

Hafi foreldri ekki leyfisbréf til kennslu getur skólastjóri þjónustuskóla eða eftir atvikum sveitarstjórn óskað eftir heimild til Menntamálastofnunar til að foreldri annist heimakennslu til eins árs í senn. Menntamálastofnun gefur út heimild að fenginni tillögu undanþágunefndar kennara.

Ef foreldri leggur stund á nám til kennsluréttinda er skólastjóra þjónustuskóla eða eftir atvikum sveitarstjórn heimilt, að fenginni staðfestingu og áætlun um námsframvindu, að veita foreldri heimild til heimakennslu til allt að tveggja ára. Skólastjóra þjónustuskóla eða eftir atvikum sveitarstjórn ber að tilkynna til Menntamálastofnunar þegar veitt er heimild til heimakennslu á grundvelli þessarar heimildar.

Óheimilt er að fela einstaklingi kennslu sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við afgreiðslu umsóknar um heimakennslu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild sveitarstjórnar til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá.

7. gr.

*Umsögn skólanefndar og skólaþjónustu.*

Áður en ákvörðun um veitingu heimildar til heimakennslu er tekin skal skólanefnd og skólaþjónusta sveitarfélags veita umsögn sína um mat á aðstæðum, stöðu nemandar og starfs- og kennsluáætlun heimakennslu.

Skólanefnd og skólaþjónusta getur lagt til með rökstuðningi að heimild sé veitt eða ekki.

8. gr.

*Ákvörðun.*

Í leyfi sveitarstjórnar til heimakennslu skal kveðið nánar á um eftirfarandi atriði:

- a. upplýsingar um foreldra og þau börn sem sótt er um heimild fyrir,
- b. heimilisfang foreldra og hvar kennslan fari fram,
- c. nafn þjónustuskóla og tengiliðs skólans, heimakennslufulltrúa, við heimilið,
- d. áætlun tímamörk heimildar til heimakennslu,
- e. hverjir annist heimakennsluna og hver sé aðalábyrgðaraðili fyrir henni á heimilinu,
- f. hvernig formlegum tengslum við þjónustuskólann og skólanefnd verði háttað,
- g. hvernig þjónustu og ráðgjöf þjónustuskólans verði háttað við heimilið, m.a. útvegum námsgagna, aðgangur að aðstöðu til skólaíþróttar og verklegra greina skv. aðalnámskrá grunnskóla, aðgangur að skólaþjónustu, frístundaheimili og félags- og tómstundastarfi á vegum skólans,
- h. hvernig háttað verði eftirliti skólanefndar með kennslu og skyldum foreldra til þess að láta í té upplýsingar og gögn vegna námsmats og um önnur atriði er varða kennsluna,
- i. hvernig tryggt sé að kennslan verði í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla,
- j. áætlun um framkvæmd námsmats og prófa í öllum námsgreinum,
- k. fyrirkomulag skólaheilsugæslu.

9. gr.

*Lengd heimildar og endurnýjun.*

Heimild til heimakennslu má veita að hámarki til eins skólaárs í senn. Áður en heimild til heimakennslu er endurnýjuð skal liggja fyrir skýrsla heimakennslufulltrúa, sbr. 2. mgr. 10. gr. m.a. um námslega og félagslega stöðu nemanda í heimakennslu og umsögn skólaþjónustu og skólanefndar.

Sveitarfélög skulu tilkynna Menntamálastofnun um veitingu heimilda til heimakennslu sem skal halda skrá um börn í heimakennslu á hverjum tíma.

**III. kafli - Framkvæmd heimakennslu**

10. gr.

*Þjónustuskóli.*

Sveitarstjórn felur skólaþjónustu sveitarfélags að hafa milligöngu um að tiltekinn grunnskóli í sveitarfélaginu, svokallaður þjónustuskóli, annist þjónustu, ráðgjöf og eftirlit vegna heimakennslu og fari með formleg samskipti við foreldra og heimili barns, tryggi að viðkomandi barn sér skráð í skólann og skipi jafnframt heimakennslufulltrúa.

Skólanefnd, í umboði sveitarstjórnar, skipar sérstakan heimakennslufulltrúa til þess að annast samskipti við þjónustuskóla. Skólastjóra er heimilt að setja í verklagsreglur nánari fyriræmi um störf heimakennslufulltrúa, um framkvæmd þjónustu skólans og eftirlit.

11. gr.

*Heimakennsla og skipulag hennar.*

Heimakennsla skal byggjast á lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Efni og skipulag námskrár heimakennslu, sbr. 12. gr., skal rúmast innan markmiða grunnskólans, sbr. 2. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

12. gr.

*Námskrá heimakennslu.*

Áður en heimakennsla hefst skal liggja fyrir námskrá þar sem fram kemur lýsing á almennti stefnu, starfsháttum og markmiðum heimakennslunnar, ásamt starfs- og kennsluáætlun um með hvaða hætti unnið verði að því að nemandi uppfylli markmið aðalnámskrár grunnskóla og áætlun um hvers konar félags- og tómstundastarf standi nemanda til boða.

Skólastjóri þjónustuskóla ber ábyrgð á því að námskrá heimakennslu sé unnin í samráði við foreldra.

13. gr.

*Nemendur.*

Nemendur sem njóta heimakennslu skulu:

- a. skráðir í viðkomandi þjónustuskóla, sbr. 10. gr.,
- b. þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk. Nemendur í 9. bekk skulu auk þess gangast undir samræmd könnunarpróf í ensku, sbr. 39. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, þreyta önnur opinber próf og mælingar sem lögð eru fyrir nemendur í þjónustuskóla,
- c. eiga kost á að taka þátt í félags- og tómstundastarfi og sækja frístundaheimili í þjónustuskóla, sem og skólaferðalögum, með sama hætti og nemendur þess skóla,
- d. hafa tryggt aðgengi að aðstöðu til skólaíprótta, þ.m.t. sund, og aðstöðu til að stunda nám í verklegum greinum,

- e. eiga sama rétt og aðrir nemendur á námsgögnum án endurgjalds í skyldunámi, skv. 31. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Námsgögnum skal skilað til þjónustuskóla í lok skólaárs.

14. gr.

*Heilbrigðisþjónusta.*

Um skólaheilsugæslu nemenda sem njóta heimakennslu fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisþjónusta sveitarfélags skal hafa samráð við skólanefnd og foreldra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu, sbr. 41. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

**IV. kafli - Eftirlit**

15. gr.

*Eftirlit.*

Heimakennslufulltrúi skal í samráði við foreldra skila skýrslu um framkvæmd og skipulag kennslunnar tvisvar á skólaári, í desember og maí, til skólastjóra þjónustuskóla. Skólastjóri skólans skal jafnframt upplýsa skólanefnd í lok hvers skólaárs um framgang og gæði heimakennslunnar.

Skólastjóri þjónustuskóla getur ákveðið að leggja fyrir nemendur í heimakennslu próf og kannanir í einstökum námsgreinum, námssviðum eða námsþáttum grunnskóla skv. aðalnámskrá grunnskóla.

16. gr.

*Breyttar aðstæður.*

Verði breyting á heimilisaðstæðum, sem hefur áhrif á framkvæmd kennslunnar, meðan á heimakennslu stendur skulu foreldrar tilkynna slíkt þegar í stað til sveitarstjórnar sem skal meta hvort og með hvaða hætti skuli bregðast við.

17. gr.

*Heimild til afturköllunar.*

Sveitarstjórn er heimilt að afturkalla heimild til heimakennslu ef ákvörðun hefur byggst á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum eða aðstæður hafa breyst með þeim hætti að nauðsynleg skilyrði fyrir heimildinni eru ekki uppfyllt. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

18. gr.

*Kæruheimild.*

Synjun sveitarfélags um heimild til heimakennslu eða afturköllun hennar er kæránleg til ráðherra samkvæmt fyrirætlum 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Foreldrar geta einnig skotið ákvörðun Menntamálastofnunar skv. 2. mgr. 6. gr. til ráðherra.

**V. KAFLI**

**Önnur ákvæði.**

19. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 46. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur brott reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi, nr. 531/2009.